

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 18. júní 2018

Yfirlýsing frá Landssamtökum íslenskra stúdenta í ljósi nú þegar hafinnar undirbúningsvinnu við gerð menntastefnu Íslands til ársins 2030

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) fagna nýútgefinni tilkynningu Mennta- og menningarmálaráðherra Lilju Alfreðsdóttur um nú þegar hafna vinnu við gerð menntastefnu Íslands til ársins 2030. Lýsa samtökin yfir vilja til að koma að þeirri vinnu og hlakka til þess að leggja hönd á plóg.

LÍS eru heildarsamtök stúdenta á Íslandi og íslenskra stúdenta erlendis og tala því sem sameinuð rödd stúdenta. Hafa samtökin frá stofnun beitt sér fyrir framþróun og eflingu háskólakerfisins og lagt þar með mikla áherslu á að mótuð sé heildstæð menntastefna á Íslandi sem telur til allra stiga menntakerfisins sem og aðgerðaráætlun um aukið aðgengi í háskólakerfið. Hafa samtökin nú þegar innleitt eigin stefnur um alþjóðavæðingu og gæðamál í íslensku háskólasamfélagi og vinna nú að stefnu um jafnréttis- og aðgengismál.

Á nýafstaðinni ráðstefnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál í Stokkhólmi voru meðal annars samskipti við stúdenta í forgrunni, þar sem samtalið einkenndist af áherslu á mikilvægi sterks og raunverulegs samráðs við stúdenta. Fulltrúum frá landssamtökum stúdenta á Norðurlöndunum var boðið á ráðstefnuna og að taka þátt í pallborðsumræðum við upphaf ráðstefnu til að kynna og ræða þær áskoranir sem stúdentar á Norðurlöndum standa frammi fyrir. Stúdentar eru stærsti hópur hagsmunaaðila innan háskólakerfisins og er það grundvallaratriði að þau fái tryggja og raunverulega aðild að allri ákvarðanatöku á hverju og einu stigi. Þetta á við, gegnumgangandi, allt frá sviðsráðum innan háskóla yfir til ákvarðanatöku á landsvísi um öll þau málefni sem stúdenta varða.

Sem málsvari allra stúdenta á Íslandi og íslenskra stúdenta á erlendri grundu eru LÍS ávallt reiðubúin til þess að leggja fram sitt sérfræðiálit í þeim verkefnum sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur sér fyrir hendur. Er það ráðuneytinu og LÍS einungis til hags og framdráttar að samtökin taki þátt í vinnu við nýja menntastefnu og mun það gefa af sér upplýstari, lýðræðislegri og farsælli ákvarðanatöku, þar sem allir hagsmunaaðilar fá tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,

Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður